



Landssamtök landeigenda á Íslandi  
b.t. Arnar Bergssonar, formanns  
Hofi  
785 Fagurhólsmýri

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík  
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014  
postur@for.stjr.is  
www.raduneyti.is

Reykjavík 21. október 2008  
Tilv.: FOR08090026/530

Vísað er til erindis yðar, dags. 11. september sl. vegna málskostnaðar í þjóðlendumálum.


Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Forsætisráðuneytið fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum, sbr. 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Samkvæmt 14. gr. sömu laga segir: „Úrlausnum óbyggðanefndar verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds.“ Þetta þýðir að úrskurður óbyggðanefndar er endanlegur á stjórnslustigi. Forsætisráðherra fer ekki með endurskoðunarvald yfir úrskurðum óbyggðanefndar en það er lagaheimild til þess að bera úrskurði óbyggðanefndar undir dómstóla. Í 1. mgr. 19. gr. laganna segir svo: „Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 1. mgr. 18. gr. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.“ Vísá má til þess að tiltekin málskostnaðarákvörðun óbyggðanefndar kom til úrlausnar í dómi Hæstaréttar 12. október 2006 í máli nr. 93/2006. Niðurstaða dómsins var sú að ákvörðun nefndarinnar um þóknun viðkomandi lögmanns hefði verið í samræmi við 17. gr. laga nr. 58/1998 og að engin efni væru til að hnekkja henni.

Forsætisráðuneytið hefur ekki í hyggju að endurskoða lög nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta með tilliti til málskostnaðar landeigenda enda telur ráðuneytið að landeigendum séu tryggð fullnægjandi réttindi í lögnum.

Fyrir hönd ráðherra

  
Halldór Árnason

  
Elísabet Sigurðardóttir